



**Þingsetningarræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
2. október 2000**

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir að Alþingi Íslendinga er sett. Ég óska þingmönnum heilla í vandasömum verkum og vona að ákvarðanir sem hér verða teknar færi þjóð okkar farsæld um ókomna tíð.

Upphaf þings hefur jafnan markað þáttaskil í umræðum og þjóðlífsbrag, verið eins konar vegvísir um að tími vors og sumars sé að baki og við taki alvara hausts og vetrar, veðrabrigðin verði snarpari og vindhviðurnar tíðari, bæði á vettvangi náttúrunnar og þjóðmálanna.

Starfstími þingsins tók áður fyrr mið af búskaparháttum enda margir þingmenn gildir bændur á góðum jörðum og gengu þar til brýnna verka. Hefðin sem þá var mótuð hefur löngum ráðið mestu um hrynjandann í þinghaldinu; og samkomudagur Alþingis sótt sér stoð í þessa tíð þótt breytingar á atvinnuháttum, samgöngum og þjóðlífi öllu hafi gefið flestu öðru nýja mynd.

Við þingsetningu árið 2000 er vert að minnast þess hvílík umskipti hafa orðið á högum Íslendinga frá því Alþingi var síðast í slíkum sporum.

Þá voru enn nokkur ár til heimastjórnar og nærri hálf öld til lýðveldistöku. Erlendir herrar réðu úrslitum um meðferð mála því danskur ráðherra fór ásamt konungi með neitunarvald gagnvart lögum sem Alþingi samþykkti.

Þingið var vettvangur baráttunnar fyrir sjálfstæði og fullveldi og hafði frá endurreisn og þjóðfundi smátt og smátt eflt trú þjóðarinnar á mátt sinn og megin. Var þó þinghaldið á öldinni þeirri mjög á annan veg en við nú þekkjum. Alþingi kom aðeins saman annað hvert ár, í fáeinar vikur í senn; þingflokkar og fastbundnar nefndir sem nú ráða mestu um meðferð mála lengst af óþekkt með öllu.

Nú heilsar Alþingi nýrri öld í allt öðrum búningi. Þingmennska hefur á síðari tíð orðið aðalstarf og hjá flestum hið eina. Er það athyglisvert hve ný sú þróun er í raun og veru því enn eru á þingi þeir sem þekkja vel þá tíð þegar algengt var að alþingismenn gegndu einnig öðrum störfum.

Mestan hluta 20. aldar var raunin sú að á þingi sátu menn sem jafnframt voru bændur eða bankastjórar, forstjórar í fyrirtækjum, forystumenn í samtökum atvinnulífs eða launafólks, læknar eða lögfræðingar, kaupfélagsstjórar eða útgerðarmenn. Þingmennskan var aðeins hluti af ábyrgð þeirra og starfsskyldu.

Á skömmum tíma hefur orðið mikil breyting í þessum efnunum og Alþingi leitað leiða til að gera þingmönnum kleift að helga sig alfarið þeirri ábyrgð sem í kjörinu fellst.

Jafnframt hafa breytingar á þjóðlífi og alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga fært Alþingi nýja stöðu, viðfangsefni og vandamál sem áður voru næsta fágæt.

Samtökum og sérfræðistofnunum sem gera sig gildandi við stefnumótun, lagasmíð og reglugerðir hefur fjölgað mjög og með þjálfuðu starfsliði og nýrri tækni geta þeirra eflst til miðlunar upplýsinga og álitsgerða.

Aukin áhrif markaðarins, einkavæðing og breytt rekstrarform ríkisfyrirtækja hafa skapað mótvægi við það vald sem áður sótti uppsprettu til þingsins eins.

Alþjóðlegar skuldbindingar í efnahagsmálum, mannréttindum, umhverfisvernd og á öðrum sviðum hafa ásamt aukinni þátttöku Íslands í starfi alþjóðlegrar samtaka knúið löggjafarþingið og aðrar áhrifastofnanir til að taka í auknu mæli mið af þeim ákvörðunum sem teknar eru af þjóðum heims í sameiningu.

Breytingar á fjölmiðlun og nýjar uppsprettur upplýsinga og áróðurs hafa skapað annan samkeppnisvöll um skoðanir og stefnumótun. Alþingi og málöggn stjórnmálaflokka voru fyrir fáeinum áratugum næsta ein um þá hitu, en nú verða þingið og flokkarnir að deila áhrifum með mörgum öðrum.

Hver og einn af þessum þáttum hefur í för með sér afgerandi umsköpun á þeirri stöðu sem þjóðþing nýtur og saman hafa þeir knúið fram umræður víða á Vesturlöndum um þróunarbraut þess lýðræðis sem við höfum löngum talið í senn blessun okkar og gæfu.

Við Íslendingar þurfum eins og aðrir að meta þessa þróun og leita leiða til að lýðræðið haldi gildi sínu og grundvöllur stjórnfarsins taki áfram mið af þeim hugsjónum sem verið hafa hornsteinar þess frelsis og fullveldis sem þjóðin hlaut.

Alþingi er ekki aðeins kjarninn í þeirri stjórnskipan sem við höfum kosið heldur einnig meginstoð í sjálfsvitund okkar og sögu.

Alþingi er elsta stofnun Íslendinga, vettvangur þjóðveldisins til forna sem færði okkur glæstar bókmenntir, arfinn sem best dugði þegar sótt var fram til sjálfstæðis og nýrrar tíðar.

Alþingi var vettvangur þeirra ákvarðana sem í kjölfar heimastjórnar og lýðveldistöku umbreyttu efnahag Íslendinga og skópu hér samfélag velferðar, almennrar menntunar og öflugrar heilsugæslu.

Alþingi, hið elsta allra þjóðþinga, veitir Íslendingum sérstöðu sem dýrmæt er í samfélagi þjóðanna. Það kemur tíðum fram þegar góða gesti ber að garði og þeir koma hingað í Alþingishúsið.

Það er mér gleðiefni að á undanförunum fjórum árum hefur í fyrsta sinn tekist að festa í sessi þann góða sið að erlendir þjóðhöfðingjar sem til Íslands koma haldi beint frá Bessastöðum til Alþingis við Austurvöll og eigi hér efnisríkar viðræður við fulltrúa forsætisnefndar, utanríkismálanefndar og þingflokka. Þessi skipan er nýbreytni sem vel hefur gefist og vil ég þakka Alþingi fyrir góða samvinnu við forsetaembættið í þessum efnunum.

Þjóðhöfðingjum sem hingað hafa komið á þessum árum hefur öllum fundist mikilsvert að eiga þess kost að heimsækja með formlegum hætti elsta þjóðþing veraldar og eiga hér orðastað við alþingismenn.

Kemur jafnvel til álita að Alþingi hugleiði að gera þær breytingar á þingsköpum sem gæfu möguleika á að erlendum þjóðhöfðingjum væru boðið að ávarpa Alþingi með formlegum hætti á sérstökum þingfundi líkt og tíðkast víða um lönd.

Gæti sú skipan gert heimsókn í Alþingi að hápunkti Íslandsdvalar og veitt hinum erlendu áhrifamönnum einstakt tækifæri til að lýsa stefnu og viðhorfum á vettvangi sem hefur einstæðan sess í lýðræðissögu veraldarinnar. Slíkar ræður erlendra þjóðhöfðingja á Alþingi Íslendinga gætu líka orðið hagsmunum okkar mjög til styrktar og aukið gildi þingsins sjálfs.

Þegar Alþingi nú kemur saman á haustdögum árið 2000 getur þingið og þjóðin glaðst yfir því að vel hefur tekist að minnast þeirra viðburða sem einna hæst hafa risið í sögu Íslendinga, kristnitöku og landafunda árið 1000.

Bæði á Þingvöllum og með héraðshátíðum um landið allt hefur þjóðin beint huganum að gildi kristnidómsins og staðfest á ný að boðskapurinn um siðferði og trú sem Alþingi löggilti á helgum völlum er svo sannarlega samofinn þeirri vitund sem gert hefur okkur að þjóð.

Með fjölda viðburða vestanhafs, bæði í Bandaríkjunum og Kanada, hefur hin íslenska arfleifð siglinga og landafunda, bókmenntir okkar og menning að fornu og nýju öðlast víðtækari viðurkenningu en nokkru sinni fyrr. Sá árangur veitir okkur ekki aðeins tækifæri til nýrrar sóknar heldur hefur einnig treyst enn frekar böndin við vináttuþjóðirnar á meginlandi Norður-Ameríku. Slíkt er hagsmunum okkar og stöðu til margvíslegs framdráttar og lítilli þjóð mikilvægt veganesti inn í óvissutíð nýrrar aldar.

Alþingi hefur með ákvörðunum sínum um stuðning og fjármagn gert öðrum kleift að gera þessa atburði glæsilega og áhrifaríka og þjóðinni til sóma á einstöku hátíðarári. Fyrir það ber að þakka á þessari stundu þegar Alþingi hefur nú störf og árið 2000 er senn á enda.

Megi sá skilningur á gildi sögu okkar og menningar sem Alþingi hafði að leiðarljósi þegar horft var til kristnitöku og landafunda jafnan verða þingi og þjóð leiðarljós um ókomna daga.

Ég bið alþingismenn að rísa úr sætum og minnst fósturjarðarinnar.